
DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA FYRIRHUGAÐRAR ÍBÚÐABYGGÐAR Í VESTUR-MEÐALHOLTÍ, FLÓAHREPPÍ



GYLFI HELGASON (RITSTJ.)

HÖFUNDAR EFNIS: GYLFI HELGASON OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

REYKJAVÍK 2023
FS951-23321

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af Rútshelli (ÁR-110:008), horft til norðurs.

Ljósmynd: Gylfi Helgason

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var sumarið 2023 á um 22 ha svæði, í Vestur-Meðalholti, Flóahreppi. Úttektarsvæðið afmarkast af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 til vesturs, landamerkjum að Hróarsholtshverfi til norðurs, Önundarholtsvegi nr. 311 til suðurs og framræsluskurði til austurs. Skráningin var unnin fyrir ábúenda vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar íbúðabyggðar á svæðinu.

Aðalskráningu fyrir Flóahrepp er lokið og fór sú skráning fram árið 2017 á þessu svæði. Þá voru skráðar tvær fornleifar innan úttektarsvæðisins, þjóðsaga um Rútshelli (ÁR-110:008) og stekkur (ÁR-110:007). Við fornleifaskráningu sumarið 2023 var úttektarsvæðið þaulgengið í leit að áður óþekktum minjum og þær mældar upp með nákvæmum hætti. Ekki fundust aðrar minjar innan úttektarsvæðis. Fornleifarnar eru báðar á suðurhluta svæðisins og voru báðar metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, íbúðabyggð, stekkur, þjóðsaga, Flóahreppur

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken at a c 22 ha large assessment area at Vestur-Meðalholt in Flóahreppur (S-Iceland) in the summer of 2023. The survey was done in advance of planned housing development. The assessment area is fringed by Gaulverjabæjavegur no 33 (a road) to the west, farm boundaries to Hróarsholtshverfi to the north, Önundarholtsvegur no 311 (a road) to the south and a drainage ditch to the east.

In the detailed survey undertaken in 2023, two archaeological sites were identified within the assessment area, a *stekkur* (type of sheep fold) and a folklore site. The sites are both situated south within the assessment area and were assessed to be at great risk because of the proposed development.

Keywords


Archaeology, detailed survey, housing development, folklore site, Flóahreppur

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	6
2	SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	8
3	AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	10
4	FORNLEIFASKRÁ.....	12
5	FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSSVÆÐIS.....	12
	HEIMILDASKRÁ.....	15

1 Inngangur

Sumarið 2023 fóru ábúendur í Vestur-Meðalholti í Flóahreppi þess á leit að Fornleifastofnun Íslands ses. tæki að sér skráningu fornleifa á um 22 ha svæði vegna fyrirætlana um uppbyggingu íbúðabyggðar. Úttektarsvæðið afmarkast af Gaulverjabæjarvegi nr. 33 til vesturs, landamerkjum að Hróarholtshverfi til norðurs, Önundarholtsvegi nr. 311 til suðurs og framræsluskurði til austurs (mynd 1).



Mynd 1. Kort sem sýnir úttektarsvæðið og skráðar fornleifar innan þess

Aðalskráningu fornleifa í Flóahreppi er lokið¹ og voru tvær fornleifar þekktar innan svæðisins áður en vettvangsvinna hófst. Eldri skráning var uppfærð í þessari fornleifaúttekt en enginn nýr minjastaður bættist við eftir þessa skráningu.

Um skráningu, skýrslugerð og kortavinnu sá Gylfi Helgason og eru allar ljósmyndir í skýrslunni teknar af Gylfa. Skýrsla þessi byggð upp á sama hátt og deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi. Áfangaskýrsla V*, í vinnslu.

er fjallað um skráningarkerfi FSÍ og aðferðir og í þeim fjórða er skrá yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta og síðasta kaflanum er umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæðis og helstu niðurstöður.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenszka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum

þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-110:001). Þær minjar sem voru skráðar sumarið 2023 eru innan marka Austur-Meðalholts (ÁR-110). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan marka skipulags. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálftu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að

umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Skýringarmynd. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

ÁR-110 Austur-Meðalholt

Sögulegar heimildir

1708: jarðardýrleiki óviss, Stokkseyrarkirkjueign. **JÁM** II, bls. 26.

1847: 15 hdr., Stokkseyrarkirkjueign. **JJ**, bls. 58.

Jarðarinnar er getið í máldaga Stokkseyrarkirkju frá **1397**, **DI** IV, bls. 55 og í máldaga sömu kirkju frá **1560**, **DI** XIII, bls. 552 og **1570**, **DI** XV, bls. 656. Þá er hennar einnig getið í vitnisburðarbréfi um landmerki Gegnishóla og annarra jarða frá um **1560**, **DI** XIII, bls. 562.

1981: „Jörðin er nytjuð frá Vestur Meðaholtum [sjá ÁR-108] frá 1964.“ **SB** II, bls. 152.

Landkostir

1708: „Fóðrast kann á allri jörðunni vi kýr, xx ær, xii lömb, iiii hestar. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Móskurður hefur verið, en brúkast ei. Skógarhögg á jörðin frí til kolgjörðar í Stokkseyrarkirkju skógi, í Eystra Hrepps afrjett, þar sem kallast Stokkseyrartorfa. Sumarhaga þiggja ábúendur á Hrútsstöðum, vide Hrútsstaði. Hætt er kvikfje fyrir gjám og lækjum út supra.“ **JÁM** II, bls. 25-26.



Til hægri: Loftmynd af stekk 007 Til vinstri: Ljósmynd af sama stað, horft til vesturs.

„Rétt austur af Markaflóði austan við veginn er hólbrott, sem heitir Stekkur,“ segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 25 m norðan við Önundarholtsveg nr. 311. Stekkurinn er vestarlegur á hálfgrónum hól.

Stekkurinn er tvískiptur, 9,5 x 5 m að stærð og snýr NNA-SSA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og 0,2-0,4 m á hæð, hæstir eru þeir á austurhluta tóftarinnar en veggir eru nokkið signir, til vesturs. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlíð tóftarinnar. Norðurhluti hennar er nokkur óskýr því veggir eru byrjaðir að renna saman við þúfur í landinu.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Austur-Meðalholt, bls. 1

ÁR-110:008 Rútshellir þjóðsaga legstaður

A 406705 N 377605



Rútshellir ÁR-110:008, horft til vesturs.

„Við Stekkinn [007] er lítill hellisskúti, sem heitir Rútshellir. Sú sögn er um Rútshelli, að Rútur, sem fyrstur bjó á Rútsstöðum, sé grafinn í Rútshelli,“ segir í örnefnaskrá. Rútshellir er um 900 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m norðan við Önundarholtsveg 311. Ekki er um eiginlegan helli að ræða heldur fremur náttúrulegan skúta. Rútshellir er ofarlega á hálfgrónum hól. Landið í kring er vaxið kjarrgróðri og fleiri mólendistegundum. Jafnframt er talsvert um mosa í sverði.

Skútuopið er 2,5x2 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ekki er hlaðið fyrir opið og er horn þess fremur hvasst. Opið er 0,4 m á hæð, snýr mót suðaustri og er á kafi í gróðri. Rútshellir er lítill innanmáls og af

þeim sökum treysti skrásetjari sér ekki til þess að fara inn í skútann.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Austur-Meðalholt, bls. 1

5 Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis

Skráning forminja vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar íbúðabyggðar í Vestur-Meðalholti í Flóahreppi var unnin sumarið 2023. Úttektarsvæðið er rétt austan við Gaulverjabæjarveg nr. 33 og fast norðan Önundarholtsveg nr. 311. Úttektarsvæðið er langt frá heimatúnum Vestur og Austur-Meðalholts en við gömul heimatún er dreifing minja yfirleitt hvað þéttust. Suðurhluti úttektarsvæðis tilheyrði áður Austur-Meðalholti en sá nyrðri Vestur-Meðalholti. Áveituskurður var á merkjum milli þessara tveggja jarða.²

Gróðurfar svæðisins einkennist af gróskumiklu graslendi. Búið er að ræsa landið fram en það er enn nokkuð deigt á mið- og austurhluta þess. Mosi er nokkur í sverði og er svæðið smáþýft en gróður hefur sums staðar vikið vegna hrossabeitar og á suðurhluta þess standa sums staðar hraunnibbur upp úr grasinu.




Mynd 3 og 4: Myndirnar sýna ríkjandi gróðurfar á svæðinu, horft til suðurs á báðum myndum.

Tvær fornleifar eru innan úttektarsvæðisins, báðar í suðurhlutanum sem áður tilheyrði Austur-Meðalholti. Örnefnaskrá Austur-Meðalholts getur þess að Rútur, sem fyrstur bjó á Rútsstöðum, hafi verið grafinn í Rútshelli ÁR-100:008. Hellirinn er um 20 m norðan við Önundarholtsveg nr. 311. Ekki er um eiginlegan helli að ræða heldur náttúrulegan skúta. Ekki er að sjá nein mannaverk á þessum stað. Rétt vestan við Rútshelli var stekkur ÁR-110:007. Hann er tvískiptur, 9,5 x 5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og 0,4 m á hæð. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið tóftarinnar.

² Uppdrættir Búnaðarsambands Íslands af Skeiða- og Flóaáveitu; Flóaáveitan. Uppdrættir. Héraðssjallasafn Árnesinga.

Tafla 1. Fornminjar innan svæðis					
Samtala	Minjæiningar	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
ÁR-110:007	1		Tóft	Stekkur	Stórhætta
ÁR-110:008	1	Rútshellir	Þjóðsaga	Legstaður	Stórhætta



Mynd 5: Loftmynd af þeim fornleifum sem skráðar voru innan úttektarsvæðis 2023.

Hættumat

Báðar minjarnar innan úttektarsvæðis eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rétt er að geta þess að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifa, heldur er því aðeins ætlað að vekja athygli á því að framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastöðum og því mikilvægt að taka tillit til þeirra við framkvæmdir og leita samráðs við Minjastofnun Íslands um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir þar sem þeirra er þörf.

Samantekt

Sumarið 2023 var unnin fornleifaskráning vegna deiliskipulagsgerðar á um 22 ha svæði í Vestur-Meðalholti í Flóahreppi. Innan úttektarsvæðisins fundust tvær fornleifar og voru þær báðar í suðurhluta þess, á svæði sem áður tilheyrði Austur-Meðalholti og því eru fornleifarnar skráðar undir þeirri jörð. Þar sem báðar fornleifarnar eru á svipuðum stað, við enda úttektarsvæðis, þá ætti að reynast auðvelt að fella þær inn í núverandi skipulag þannig að þær eyðileggist ekki. Slíkt gæti haft jákvæð áhrif á íbúa sem munu búa á þessu svæði og mögulega aukið sögu- og minjavitund þeirra. Það er í höndum Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun mun einnig setja fram endanleg skilyrði um mótvægisáðgerðir þar sem fornleifar reynast í hættu vegna framkvæmdanna.

Í fornleifaskránni eru teknar saman og skráðar allar þær minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða yfirborðsummerki fundust um. Þrátt fyrir það er alltaf hugsanlegt að óþekktar minjar að komi í ljós við framkvæmdir. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er.

Heimildaskrá

Flóaáveitan. Uppdrættir. Héraðssjallasafn Árnesinga. 2019. Slóðin er:

<https://myndir.myndasetur.is/main/archives/Fl%C3%B3a%C3%A1veitan>

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns. Árnessýsla*. 1921. II. bindi. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/2012.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í vinnslu, Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi: Áfangaskýrsla V.

SB II: *Sunnlenskar byggðir II: Flóinn*. 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík. Búnaðarsamband Suðurland

Uppdrættir Búnaðarsambands Íslands af Skeiða- og Flóaáveitu. Þjóðskjallasafn Íslands

Ö-Austur-Meðalholt. Örnefnaskrá Austur-Meðalhólts. 1955. Sigurjón Þ. Erlingsson safnaði 1955 eftir sögn Hannesar Jónssonar, bónda í Austur-Meðalholtum. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn.

.